
Stefnumótun

2014–2018



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

2

Þjóðskjalasafn Íslands
- Stefnunótun 2014–2018

Útgefandi:

Þjóðskjalasafn Íslands
Laugavegi 162
105 Reykjavík
5903300
upplýsingar@skjalasafn.is
www.skjalasafn.is

Hönnun og umbrot: Kría hönnunarstofa
Myndir: Þjóðskjalasafn Íslands
Prentun: Litróf
ISBN: 978-9979-876-20-5
© Þjóðskjalasafn Íslands 2014

Þjóðskjalavörður:

Eiríkur G. Guðmundsson

Framkvæmdastjórn:




Bjarni Þórðarson
Brynja Björk Birgisdóttir
Helga Jóhannesdóttir
Njörður Sigurðsson

Ráðgjafar KPMG:


Sævar Kristinsson
Kristján M. Ólafsson

EFNISYFIRLIT


Framtíðarsýn Þjóðskjalasafns Íslands	5
Inngangur	6
Þjóðskjalasafn Íslands 2014	8
Hlutverk Þjóðskjalasafns Íslands	8
Skipan starfseminnar.....	9
Skipurit Þjóðskjalasafns Íslands.....	10
Mannauður og mannaflaþörf.....	11
Stefna, markmið og aðgerðir	13
Skjalavarsla og skjalastjórn	13
Ráðgjöf, þjónusta, setning reglna og eftirlit.....	13
Varðveisla og aðgengi að rafrænum gögnum	14
Skráning og varðveisla safnkosts, öryggisafrit og aðgengi.....	16
Rannsóknir.....	18
Upplýsingar og miðlun	21
Ímynd og kynningarmál	25
Húsnæði.....	27
Skipulag, rekstur og fjármál.....	31
Samstarf við héraðsskjalasöfn	32
Endurskoðun stefnunnar	35



76-0203



76-0204



76-0205



76-0206



FRAMTÍÐARSÝN ÞJÓÐSKJALASAFNS ÍSLANDS

Þjóðskjalasafn Íslands er öflug og þjónustumiðuð stjórnsýslustofnun sem leiðir skjalavörslu og skjalastjórn hins opinbera.

Réttindi borgaranna, hagur stjórnsýslunnar ásamt varðveislu og miðlun sögu íslensku þjóðarinnar er ætíð haft að leiðarljósi.

INNGANGUR

Stefnumótun Þjóðskjalasafns Íslands 2014 – 2018, sem hér liggur fyrir, er fyrsta heildstæða stefnan sem unnin hefur verið fyrir safnið með þátttöku starfsfólks og hagsmunaaðila. Stefnumótunin hefur verið unnin m.a. í til-efni nýrra laga um opinber skjalasöfn, nr. 77/2014, sem samþykkt voru á Alþingi á liðnu vori, og þeirrar skýru kröfu sem nú er gerð til opinberra stofnana um markviss vinnubrögð og áætlanagerð. Með stefnumótuninni er þannig leitast við að setja Þjóðskjalasafni skýrari markmið en áður hefur verið gert. Þar með er rennt styrkari stöðum undir bættan árangur á forsendum mælanlegra markmiða og kröfum um gagnsæi í opinberum rekstri. Áður voru markmið safnsins sett fram í árangursstjórnunarsamningum við mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Hin nýju lög um opinber skjalasöfn sem voru samþykkt á Alþingi 16. maí 2014 marka tímamót í sögu skjalasafna á Íslandi og eru mikið fagnaðarefni. Lögin styrkja skjalasöfnin og gera hlutverk þeirra skýrara en verið hafði í eldri lögum og eru þannig forsenda nýrrar sóknar til bættrar skjalastjórnar og skjalavörslu, rannsóknna og aukinnar miðlunar á þeim menningararfi sem söfnin geyma. Lögin og þær úttektir á aðstæðum og verkefnum opinberu skjalasafnanna sem gerðar hafa verið undanfarin misseri varpa skýru ljósi á aðstæður og stöðu málaflokksins. Á þessum grunni og með skýra stefnu að leiðarljósi er þess að vænta að Þjóðskjalasafn Íslands geti náð auknum árangri í verkefnum sínum „með réttindi borgaranna, hag stjórnsýslunnar og varðveislu sögu íslensku þjóðarinnar að leiðarljósi“, svo vitnað sé til markmiða laga um opinber skjalasöfn.



Vinna við stefnumótunina hófst snemma árs 2013 með fundi allra starfsmanna Þjóðskjalasafns. Í kjölfarið voru hugmyndir og tillögur flokkaðar til frekari úrvinnslu. Á fyrri hluta árs 2013 var ákveðið að leita til fagaðila á sviði stefnumótunar og á grundvelli tilboða var KPMG valið til þess að leiða vinnuna til loka. Snemma árs 2014 var annar fundur með starfsmönnum um stefnumótun safnsins og jafnframt voru notendur safnsins og aðrir hagsmunaaðilar fengnir til að svara könnunarspurningum eða segja skoðun sína á stefnumálum og forgangsröðun þeirra í viðtölum. Þeir aðilar sem leitað var til voru héraðsskjalaverðir, kennarar í sagnfræði við Háskóla Íslands, skjalastjórar ráðuneyta, fulltrúar Ættfræðifélagsins, Sögufélags, Sagnfræðingafélags Íslands, mennta- og menningarmálaráðuneytisins, fulltrúar í stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns og nokkrir fleiri.

Framlag starfsfólks og annarra sem leitað var til reyndist ómetanlegt við mótun stefnunnar og ber uppi þær nýju áherslur sem í henni eru.

Eiríkur G. Guðmundsson, þjóðskjalavörður

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS 2014

Þjóðskjalasafn Íslands er samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn framkvæmdaraðili opinberrar skjalavörslu og skjalastjórnar. Það er stærsta opinbera skjalasafnið og hefur það hlutverk að setja reglur um skjalastjórn og skjalavörslu fyrir alla opinbera aðila. Þjóðskjalasafn hefur einnig eftirlit með skjalastjórn og skjalavörslu um 600 aðila sem afhenda eiga skjöl sín til safnsins.

8

HLUTVERK ÞJÓÐSKJALASAFNS ÍSLANDS

Hlutverk Þjóðskjalasafns er ákveðið í lögum um opinber skjalasöfn og má flokka í eftirfarandi meginsvið:

- **Að leiða skjalastjórn og skjalavörslu ríkis og sveitarfélaga með því að setja reglur og gefa út leiðbeiningar. Að hafa eftirlit með skjalavörslu afhendingarskyldra aðila.**
Þjóðskjalasafn Íslands er framkvæmdaraðili opinberrar skjalavörslu. Safnið setur reglur, leiðbeinir og hefur eftirlit með skjalahaldi og upplýsingastjórn opinberra aðila með það að markmiði að tryggja vörslu, aðgengi og örugga meðferð opinberra upplýsinga.
- **Að gera tillögur um leyfi til reksturs héraðsskjalasafna og hafa eftirlit með þeim.**
Frá því að til héraðsskjalasafna var fyrst stofnað árið 1947 hefur Þjóðskjalasafn haft það hlutverk að veita leyfi til reksturs þeirra og hafa eftirlit með starfsemi. Markmiðið með þessu er að tryggja faglegar forsendur í störfum og rekstri skjalasafna sveitarfélaga og tryggja samræmi í allri opinberri skjalavörslu.

- **Að taka við og varðveita skjöl frá afhendingarskyldum aðilum sem og einkaaðilum.**

Meginhlutverk Þjóðskjalasafns er og hefur alltaf verið, að taka við og varðveita skjöl frá afhendingarskyldum aðilum eins og þeir eru skilgreindir í lögum hverju sinni. Auk opinberra gagna varðveitir Þjóðskjalasafn skjöl frá einkaaðilum og hefur það hlutverk að móta stefnu á því sviði. Í Þjóðskjalasafni er stór hluti menningararfs þjóðarinnar og er umsjón, forvarsla og örugg varsla safnkostsins sérstakt verkefni safnsins.

- **Að halda skrár yfir safnkostinn og veita aðgang að honum, leiðbeina um notkun skjala og greiða fyrir rannsóknum.**

Aðgengi að safnkosti Þjóðskjalasafns er tryggt með því að ganga frá og skrá skjalasöfn skv. viðurkenndum stöðlum. Leiðbeiningar um notkun skjalasafna eru veittar af skjalavörðum safnsins og í útgefnum leiðbeiningarritum. Þjóðskjalasafn heldur opnum lestrarsal fyrir almenning þar sem veittur er aðgangur að skjölum í vörslu þess.


- **Að stunda rannsóknir og fræðslu.**

Þjóðskjalasafn stundar rannsóknir á safnkosti sínum með það að markmiði að auka skilning á heimildum í safninu. Þá veitir safnið fræðslu um mikilvægar heimildir þjóðarsögunnar með útgáfu þeirra, á prenti og á vef. Sýningar og móttaka hópa er hluti fræðslustarfsins.

SKIPAN STARFSEMINNAR

Starfsemi Þjóðskjalasafns er skipt í tvö svið, **skjalasvið** og **upplýsingasvið**. Sviðsstjórar stýra sviðunum og heyra beint undir þjóðskjalavörð. Þvert á sviðin eru tvær stöðdeildir. Annars vegar **rekstur og mannauðsmál** og hins vegar **húsnæðismál**.

SKIPURIT ÞJÓÐSKJALASAFNS ÍSLANDS



MANNAUÐUR OG MANNAFLAÐÖRF

Starfsmenn Þjóðskjalasafns voru í árslok 2013 36 talsins, ýmsir í hlutastörfum, og ársverk við safnið árið 2013 voru 31,2. Starfsmenn safnsins búa yfir mikilli þekkingu og reynslu á sviði skjalavörslu og skjalastjórnar, sem og á sviði stjórnsýslusögu og miðlunar. Á tímum nýjunga og breytinga í þjóðfélaginu er mikilvægt að starfsfólkið búi ætíð yfir sérþekkingu á starfsemi safnsins hverju sinni.

Safnið hefur um árabíl skort fleira starfsfólk til ýmissa verkefna sem stofnuninni hefur að lögum verið falið að sinna. Í byrjun árs 2014 var gerð könnun á mannaflaþörf safnsins (Þjóðskjalasafn Íslands. Mannaflaspá, mars 2014) á næstu árum vegna lögbundinna verkefna. Á grundvelli hennar er talið að safnið þurfi að bæta við 13 ársverkum nú þegar og fimm til viðbótar árið 2019. Alls er metið að árið 2024 þurfi safnið 53 stöðugildi. Er mat þetta byggt á því skjalamagni sem safnið varðveitir nú þegar, því skjalamagni sem safninu verður væntanlega afhent á næstu árum, stóráukinni rafrænni stjórnsýslu og umsýslu rafrænna gagna, ásamt aukinni miðlun safnkostsins.

Nauðsynlegt er því í náninni framtíð að efla starfsemi safnsins með endurmenntun starfsmanna og nýráðningum til þess að safnið geti sinnt lögbundnum verkefnum sínum.

Mennta- og menningarmálaráðherra fer með yfirstjórn skjalavörslu og skjalastjórnar samkvæmt lögum en Þjóðskjalasafni Íslands ber að annast framkvæmd hennar. Þjóðskjalavörður stjórnar starfsemi og rekstri safnsins en stjórnarnefnd þess skal vera þjóðskjalaverði til ráðgjafar um stefnu safnsins og önnur málefni sem varða starfsemi þess.



STEFNA, MARKMIÐ OG AÐGERÐIR

SKJALAVARSLA OG SKJALASTJÓRN

Ráðgjöf, þjónusta, setning reglna og eftirlit

Á grundvelli laga um opinber skjalasöfn hefur Þjóðskjalasafn Íslands forgöngu um setningu reglna og útgáfu leiðbeininga, heldur námskeið og veitir ráðgjöf um skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila til safnsins. Þjóðskjalasafn er eftirlitsaðili með skjalavörslu og skjalastjórn þessara aðila.

Stefna

Þjóðskjalasafn efli samstarf og þjónustu við afhendingarskylda aðila og aðra samstarfsaðila um vörslu og stýringu skjala og annarra gagna. Eftirlit og setning reglna um skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila hafi að leiðarljósi að styrkja þá í verkum sínum og að tryggja markvissa skjalastjórn, örugga vörslu skjala og aðgengi að þeim.

Markmið

1. Skjalavarsla og skjalastjórn allra afhendingarskyldra aðila verði í samræmi við leiðbeiningar og reglur.
2. Úttektir á skjalavörslu og skjalastjórn verði reglubundnar til að meta stöðu afhendingarskyldra aðila.
3. Settar verði reglur um skráningu mála og eyðingu skjala.
4. Leiðbeiningar um skjalavörslu og skjalastjórn ríkisins verði endurskoðaðar fyrir árslok 2018.

Aðgerðir

Um 1. Ráðgjöf vegna varðveislu og aðgengis að skjölum verði aukin með leiðbeiningum og námskeiðum. Í árslok 2018 hafi starfsmenn í skjalastjórn allra afhendingarskyldra aðila notið ráðgjafar eða komið á námskeið í Þjóðskjalasafni.

Um 2. Stefnt er að 10-15 eftirlitsheimsóknum starfsfólks Þjóðskjalasafns á ári til aðila sem eru afhendingarskyldir um gögn sín til safnsins.

Um 3. Árið 2015 verði settar reglur um skráningu mála. Mótaðar verði reglur um grisjun tiltekinnna skjalaflokka í skjalasöfnum afhendingarskyldra aðila.

Um 4. Gerð verði áætlun um útgáfu leiðbeiningarrita fyrir ríkisstofnanir, og gefin verði út almenn handbók um skjalastjórn og skjalavörslu ríkisins. Útbúnar verði sérhæfðar leiðbeiningar fyrir stofnanir með sömu verkefni. Hugað verði að gerð stuttra kynningar- og kennslumyndbanda fyrir vefinn.

Varðveisla og aðgengi að rafrænum gögnum


Það er yfirlýst markmið stjórnvalda er að efla rafræna stjórnsýslu. Hluti af hinni rafrænu stjórnsýslu er varsla og aðgengi að rafrænum gögnum hjá opinberum stofnunum og í opinberum skjalasöfnum.

Stefna

Þjóðskjalasafni leiði þróun stjórnsýslunnar í stýringu og vörslu rafrænna gagna. Í framtíðinni verði öll rafræn gögn stjórnsýslunnar varðveitt á viðurkenndu rafrænu formi.

Markmið

1. Þjóðskjalasafni leiði þróun í viðtöku og varðveislu rafrænna gagna.
2. A.m.k. 50% allra gagnakerfa ríkisins verði tilkynnt Þjóðskjalasafni fyrir árslok 2018.
3. Í lok árs 2016 verði Þjóðskjalasafni búið að taka við 50 afhendingum úr rafrænum gagnakerfum og í árslok 2018 verði þær orðnar 100.
4. Fyrir árslok 2015 verði reglur um tilkynningu rafrænna gagnakerfa afhendingarskyldra aðila endurskoðaðar.



Skjalamagn í Þjóðskjalasafni Íslands 1985-2013

Aðgerðir

Um 1. Markvisst verði unnið með afhendingarskyldum aðilum og héraðsskjalasöfnum að eflingu þekkingar á rafrænni skjalavörslu með námskeiðum og útgáfu fræðsluefnis. Ráðnir verða til safnsins starfsmenn með sérþekkingu á sviði rafrænnar gagnavörslu.

Um 2. Unnið verði með afhendingarskyldum aðilum að því að auka skil á rafrænum gögnum í samræmi við markmið. Þjóðskjalasafn bjóði aukna þjónustu við tilkynningar á rafrænum gagnakerfum og kynni hagræði þess að varðveita og skila öllum skjölum á rafrænu formi.

Um 3. Gerð verði áætlun um viðtöku rafrænna gagnakerfa til 2016. Þeirri áætlun verði hrint í framkvæmd á fyrri hluta árs 2015. Reynslan verður nýtt til þess að ná markmiðum sem stefnt er að fyrir árslok 2018.

Um 4. Aðlögun og staðfærsla reglna um rafræna vörslu verði unnin og kynnt á árunum 2014–2015.

Skráning og varðveisla safnkosts, öryggisafrit og aðgengi

Hlutverk Þjóðskjalasafns Íslands er m.a. að veita aðgang að safnkosti sínum í samræmi við ákvæði laga. Aðgangur er öllum heimill nema sérstakar takmarkanir gildi. Í Þjóðskjalasafni eru nú varðveitt skjöl á um 42.000 hillumetrum. Þar á meðal er mikið magn skjala sem þarfnast frágangs og skráningar, en alls eru 12.000 hillumetrar skjala ófrágengnir og 7.000 hillumetrar þarfnast endurpökkunar og betri skráningar. Safninu ber skv. lögum að varðveita öryggisafrit af mikilvægustu skjölunum í sinni vörslu utan höfuðstöðva sinna.

Stefna

Allur safnkostur Þjóðskjalasafns verði skráður og frágenginn þannig að mögulegt verði að veita aðgang að honum í samræmi við ákvæði laga. Allar skjalaskrár verði aðgengilegar á netinu. Mikilvægustu skjöl safnsins verði varðveitt í öryggisafriti utan höfuðstöðva.

Markmið

1. Bæta aðgengi að eldri óskráðum skjalasöfnum í Þjóðskjalasafni.
2. Mótud verði stefna um af hvaða skjölum safnsins skuli taka öryggisafrit.
3. Gerð verði áætlun um skönnun eldri gagna, þar sem fyrst verður lögð áhersla á eftirsótt gögn og síðan á viðkvæm gögn.
4. Unnið verði áhættumat fyrir skjöl í Þjóðskjalasafni til að tryggja varðveislu upplýsinga þar sem skrift eða letur er að hverfa.
5. Til að auka aðgengi að skjölum safnsins verði unnið að samræmingu og sameiningu fyrirbyggjandi skjalaskráa í eitt samræmt rafrænt kerfi.
6. Ástand safnkostsins verði metið og gerð verði áætlun um úrbætur á umbúðum, varðveisluaðstæðum og forvörslu safnkostsins.

Aðgerðir

Um 1. Gerð verði áætlun um frágang og skráningu eldri óskráðra skjalasafna og unnið að framgangi hennar.

Um 2. Mótuð verði stefna um hvaða skjöl krefjist öryggisafritunar. Í framhaldi slíkrar stefnumótunar verði gerð áætlun um afritun, verlag við afritun og vörslu utan höfuðstöðva safnsins.

Um 3. Aukin áhersla verði lögð á verkefni sem spara vinnu fyrir starfsfólk Þjóðskjalasafns, eins og t.d. við afgreiðslu veðmálabóka. Þar sem við á verði unnið með aðilum eins og sýslumannsembættum um aðgengi að lýsigögnum sem til eru hjá þeim.

Um 4. Fyrir árslok 2018 liggi fyrir forvörsluáætlun fyrir skjöl sem þarfnast meðhöndlunar til að koma í veg fyrir að upplýsingar glatist.

Um 5. Gerð verði tímasett áætlun um samræmingu skráninga í núverandi kerfi. Í árslok 2016 verði allar skrár safnsins til í einu rafrænu kerfi.

Um 6. Á árinu 2015 verði mótaðar aðferðir við mat á ástandi skjalasafna í Þjóðskjalasafni. Fyrir árslok 2017 liggi slíkt mat fyrir, sem og forvörsluáætlun fyrir skjöl biskupsstólanna. Áætlun um endurnýjun umbúða á safnkostinum verði tilbúin fyrir lok 2015.



Rannsóknir

Þjóðskjalasafn Íslands skal gangast fyrir rannsóknnum sem tengjast safnkostinum og veita fræðslu um sögu þjóðarinnar. Safnið stendur fyrir rannsóknnum á sviði skjalfræði, skjalavörslu, forvörslu og sögu íslenskrar stjórnsýslu. Það stuðlar að og tekur þátt í innlendum og erlendum rannsóknum á sínu sviði í samstarfi við einstaklinga, félög eða stofnanir.

Um árábil hefur safnið unnið rannsóknir fyrir Óbyggðanefnd en jafnframt stunda starfsmenn margskonar aðrar rannsóknir. Rannsóknir eru bæði fjármagnaðar af fjárframlagi ríkisins og með sjálfsaflæ.

Stefna

Rannsóknir á safnkostinum eru mikilvægur hluti reglubundinnar starfsemi Þjóðskjalasafns Íslands og skulu þjóna sem best markmiðum um starfsemi safnsins. Allri rannsóknarvinnu skal ljúka með útgáfu niðurstaðna með opnum aðgangi fyrir almenning.

Markmið

1. Þjóðskjalasafn Íslands ráðstafar árlega tilteknum fjármunum til rannsókna samkvæmt rekstraráætlun og ákveður á hvað skuli leggja áherslu til fjögurra ára í senn. Áherslur skulu endurskoðaðar annað hvert ár.
2. Þjóðskjalasafn Íslands tekur, eftir því sem kostur er, þátt í rannsóknarverkefnum sem styrkt eru af þriðja aðila.
3. Komið verði á formlegu samstarfi um rannsóknir við aðra fagaðila á starfssviði Þjóðskjalasafns, svo sem önnur söfn og háskólastofnanir.
4. Stuðlað skal að því að háskólanemar velji verkefni sem byggja á safnkosti Þjóðskjalasafns.



Aðgerðir

Um 1. Öll rannsóknarverkefni sem unnin eru innan safnsins verði skilgreind með skýrum hætti, þ.e. með skýr lokamarkmið ásamt tímaáætlun og eftirliti.

Um 2. Starfsmenn Þjóðskjalasafns verði hvattir til að leggja fram umsóknir til sjóða sem styrkja rannsóknarverkefni á áherslusviðum safnsins.


Um 3. Gerðir verði skriflegir samningar milli aðila þar sem m.a. koma fram upplýsingar um verkaskiptingu og kostnað þegar gengið er til samstarfs um rannsóknir við fagaðila utan safnsins.

Um 4. Safnið vinni að því að skilgreina og koma á framfæri upplýsingum um verkefni sem geta hentað nemendum háskóla og kynni fyrir kennurum og nemendum.




UPPLÝSINGAR OG MIÐLUN

Þjóðskjalasafn Íslands svarar á ári hverju um 1.200 fyrirspurnum og erindum frá almenningi, stjórnarsýslunni og öðrum viðskiptavinum. Heimsóknir á lestrarsal eru nærri 3.000 á ári auk þess sem tekið er á móti nemendahópum, starfsmannahópum og félagasamtökum til kynningar á safninu og safnkosti. Lán á skjölum á lestrarsal eða milli safna voru á árinu 2013 yfir 3.300 talsins. Þjóðskjalasafn stendur auk þess árlega fyrir sýningum auk skjalakynninga á vef sínum.



Fjöldi fyrirspurna sem svarað var skriflega 2007-2013




Fjöldi fyrirspurna sem svarað var skriflega í ríkisskjalasöfnum Norðurlanda miðað við hverja 100 þúsund íbúa árið 2013

Stefna

Upplýsingar um safnkost Þjóðskjalasafns Íslands verði öllum aðgengilegar. Aðgengi að safnkosti Þjóðskjalasafns Íslands verði á grundvelli ákvæða laga, í samræmi við þarfir og óskir notenda og eftir því sem kostur er á rafrænu formi. Þjóðskjalasafn verði í fremstu röð menningarstofnana í miðlun hins ritaða menningararfs.

Markmið

1. Allar skjalaskrár verði aðgengilegar á vefnum.
2. Sá safnkostur sem mest eftirsókn er eftir verði aðgengilegur á rafrænu formi.
3. Verklag við afgreiðslu fyrirspurna sé skýrt og skilvirkt og afgreiðslutími í samræmi við góða stjórnsýsluhætti. Unnið verði að því að hægt verði að taka við öllum fyrirspurnum og pöntunum rafrænt í gegnum vef safnsins.
4. Samstarf við skóla og félagasamtök verði eft.
5. Sýningar verði haldnar á efni safnsins allt árið, bæði rafrænt, í Þjóðskjalasafni eða á öðrum völdum sýningarstöðum.



Heimsóknir á lestrarsali ríkisskjalasafna Norðurlanda á hverja 100 þúsund íbúa árið 2013

Aðgerðir


Um 1. Samræmd og uppfærð skjalaskrá safnsins verði aðgengileg með leitarbærum hætti á vef safnsins innan þriggja ára. Stefnt verði að stafrænu aðgengi í gegnum leitarvéлина www.leitir.is.

Um 2. Gert verði átak í skönnun og skráningu eftirsótttra gagna og heimilda og þær gerðar aðgengilegar á rafrænu formi. Úrvali af sjónrænum safnkosti á borð við korta- og teikningasafn Þjóðskjalasafns verði komið á rafrænt form og miðlað út á vefinn.

Um 3. Veflægt fyrirspurna- og pöntunarkerfi verði kynnt og innleitt á fyrri hluta árs 2016.

Um 4. Boðið verði upp á kynningar og fræðsluheimsóknir á safnið og safnkennsla og almenn fræðsla verði hluti af daglegri starfsemi.

Um 5. Komið verði upp sýningum utan safnsins til viðbótar þeim sýningum sem haldnar eru í húsnæði Þjóðskjalasafns. Haft verði frumkvæði að samstarfi við önnur söfn og opinberar stofnanir um miðlun á efni safnsins. Unnið verði með héraðsskjalasöfnum að miðlun staðbundins efnis.



ÍMYND OG KYNNINGARMÁL

Þjóðskjalasafn Íslands er lítið þekkt meðal almennings og jafnvel meðal starfsfólks opinberra stofnana sem eiga að skila skjölum sínum til þess. Vekja þarf athygli á mikilvægi skjalasafna í upplýsingasamfélagi nútímans og hlutverki þeirra sem grundvallarstofnana í lýðræðissamfélagi okkar daga.

Stefna

Safnið og safnkosturinn verði vel kynnt út á við þannig að starfsfólk hins opinbera og almenningur viti hvaða þjónusta er hægt að sækja til Þjóðskjalasafns Íslands. Sýnileiki Þjóðskjalasafns og annarra opinberra skjalasafna verði stóraukinn og miðlun á safnkosti nái til íbúa landsins á margvíslegum vettvangi.

Markmið

1. Þjónusta og hlutverk Þjóðskjalasafns verði almennt vel þekkt.
2. Þjóðskjalasafn verði meðal þeirra stofnana sem mest traust er borið til.
3. Þjóðskjalasafn verði þekkt fyrir að vera í fremstu röð við rafræna framsetningu á safnkostinum.
4. Átak verði gert í að styrkja ímynd Þjóðskjalasafns sem traust og þjónustumiðuð stjórnsýslustofnun.

Aðgerðir

Um 1. Starfsemi Þjóðskjalasafns verði kynnt almenningi með sýningum og kynningum í almenningssýmum og í fjölmiðlum. Unnið verði með einstökum aðilum, svo sem eldri borgurum og framhaldsskólum, að sértækum verkefnum sem taki mið af þeim hópi sem um er að ræða. Sýnileiki safnsins verði aukinn svo sem með greinarskrifum og með þátttöku í sýningum og ráðstefnum sem tengjast málefnum safnsins. Ráðinn verði sérstakur kynningar- og fræðslufulltrúi. Árangur kynningarmála verði kannaður reglulega.

Um 2. Allir vinnuferlar og gæðamál verði skráð og vottunarhæf. Jafnframt verði teknir upp vottaðir öryggisstaðlar og stofnunin fái öryggismál sín vottuð samkvæmt þeim.

Um 3. Unnið verði með samstarfsaðilum innanlands sem erlendis við nýtingu rafrænna möguleika til að gera safnkostinn sem aðgengilegastan.

Um 4. Reglulega verði gerðar þjónustukannanir og brugðist við ábendingum um það sem betur má fara. Tekið verði í notkun nýtt merki (logo) fyrir Þjóðskjalasafn Íslands. Framsetning á efni Þjóðskjalasafns verði samræmt í útliti.



HÚSNÆÐI

Þjóðskjalasafn Íslands varðveitir í dag um 42 hillukílómetra (hkm) af skjölum í fimm byggingum. Lestrarsalur og viðgerðastofa safnsins eru aðskilin frá annarri starfsemi og því óhentug með tilliti til staðsetningar. Jafnframt skortir safnið aðstöðu sem hæfir safnkennslu og sýningahaldi. Brýnt er að huga sem fyrst að nýbyggingu á lóð safnsins við Laugaveg þannig að rúma megi alla meginstarfsemi á einum stað.

Á næstu 30 árum er áætlað að Þjóðskjalasafn taki við um 50 hkm af pappírsskjölum frá aðilum sem eru afhendingarskyldir til safnsins. Miðað við þessa áætlun verður núverandi húsnæði safnsins fullnýtt á tíu árum. Að loknum endurbótum núverandi húsnæðis munu skjalageymslur við Laugaveg rúma um 55 hkm af skjölum. Því er ljóst að til þess að Þjóðskjalasafn geti sinnt hlutverki sínu og tekið við gögnum sem því ber að varðveita samkvæmt lögum þarf að marka stefnu um frekari uppbyggingu í húsnæðismálum safnsins.

Stefna

Aðbúnaður skjala og vinnuumhverfi starfsfólks og notenda verði eins og best verður á kosið.

Markmið

1. Öll meginstarfsemi Þjóðskjalasafns verði á einum stað við Laugaveg í Reykjavík.
2. Starfsaðstaða stuðli að vellíðan starfsfólks og jákvæðu vinnuumhverfi.
3. Til staðar verði nægjanlegt rými til að mæta lögbundnum skyldum um viðtöku og vörslu skjala.
4. Allur safnkostur hafi fasta skráða staðsetningu og verði strikamerktur til þess að auðvelda afgreiðslu og umsýslu.
5. Lestrarsalur, sýninga- og kennslurými uppfylli kröfur um öryggi og aðgengi fyrir alla.



6. Komið verði upp öryggisgeymslu utan höfuðborgarsvæðisins í samræmi við ákvæði laga til að geyma afrit af gögnum safnsins.
7. Öll öryggismál safnsins verði endurskoðuð reglulega, til að tryggja að þau standist kröfur tímans hverju sinni og verði til fyrirmyndar.

Aðgerðir

Um 1. Hafinn verði undirbúningur að byggingu viðbótarskjalageymslna og þjónusturýmis sem nýst geta Þjóðskjalasafni til frambúðar. Miðað skal við byggingu allt að 7.000 fm. viðbótarhúsnæðis sem verði tekið í notkun árið 2020.

Um 2. Markvisst verði unnið að umbótum og endurnýjun vinnuaðstöðu og umhverfis.

Um 3. Útbúin verði tímasett áætlun til þriggja ára í senn um móttöku skjala sem munu berast Þjóðskjalasafni á komandi árum. Áætlunin verði endurskoðuð árlega.

Um 4. Allar skjalaeiningar sem skráðar eru í geymsluskrárkerfi safnsins verði strikamerktar og staðsetning þeirra í geymsluhúsnæði skráð fyrir árslok 2018.

Um 5. Gerð verði áætlun um öryggi og aðgengi á lestrarsal, í kennslurými og í sýningaradstöðu fyrir árslok 2015.

Um 6. Öryggisgeymsla verði valin m.t.t. öryggis staðsetningar, aðgengis og aðstöðu.

Um 7. Útbúin verði öryggishandbók sem taki á öryggi starfsfólks og viðskiptavina safnsins, þeirra gagna sem það varðveitir og þess húsnæðis sem hýsir safnið. Reglulega verði kannað og lagt mat á úrbætur í öryggismálum safnsins í samráði við helstu eftirlitsaðila á þessu sviði, svo sem slökkvilið og lögreglu.

Eggerdi Gisle Nikulasson

Undirveinsá tínn mitt hafað, jæg 2 menn i 15 daga
 laun metinn med þodi og vestþora slit 2 kr 60
 80 -
 48 -
 27 -
 40 -
 12 -
 204

Ólafur Ólafsson á Kollakvíða

Undirveinsá tínn mitt hafað, jæg 4 menn i 48 daga
 laun metinn med þodi og Vestþora slit 2 kr 60
 512 -
 144 -
 24 -
 120 -
 80 -
 60 -
 20 -
 920
 25 65
 594 35

Eggerdi Indriði Ásmundsson

Undirveinsá tínn mitt hafað, jæg 4 menn i 28 daga
 laun metinn med þodi og Vestþora slit 2 kr 60
 448 60
 60 -
 24 -
 30 -
 24 -
 18 -
 424 66

Seljatugi Gyridur Gunnarsson

Undirveinsá tínn mitt hafað, jæg
 daglaun metinn med þodi og vestþora
 80 -
 48 -
 27 -
 40 -
 12 -
 204

Seljatugi Svein Gunnarsson

Undirveinsá tínn mitt hafað, jæg
 daglaun med þodi vestþora og vestþora
 80 -
 48 -
 27 -
 40 -
 12 -
 204

Seljatugshálegga Bjarni Gyridur

Undirveinsá tínn mitt hafað, jæg 3
 daglaun metinn med þodi og Vestþora
 80 -
 48 -
 27 -
 40 -
 12 -
 204

Seljatugshálegga Guðmundur

Undirveinsá tínn mitt hafað, jæg
 daglaun metinn med þodi og vestþora
 80 -
 48 -
 27 -
 40 -
 12 -
 204

SKIPULAG, REKSTUR OG FJÁRMÁL

Þjóðskjalasafn Íslands mun forgangsraða verkefnum þannig að þeir fjármunir sem safnið hefur til ráðstöfunar hverju sinni og sá mannauður sem felst í starfsfólki þess nýtist með eins skilvirkum hætti og kostur er við að uppfylla hlutverk safnsins.

Stefna

Þjóðskjalasafn skal vera aðlaðandi og eftirsóttur vinnustaður sem byggir starfsemi sína á faglegum metnaði og góðum samskiptum. Öll fjársýsla og rekstur Þjóðskjalasafns skal vera markviss og gagnsæ. Þjóðskjalasafn stefnir að því að vera í fararbroddi meðal stofnana ríkisins í fjársýslu og rekstri.

Markmið

1. Innra starf og skipulag Þjóðskjalasafns verði endurskoðað reglulega með það að markmiði að efla starfsemi safnsins.
2. Upplýsingaflæði innan safnsins verði aukið eins og kostur er sem og gagnsæi í allri starfsemi þess.
3. Tekin verði upp skýr markmiðasetning fyrir alla verkþætti og henni fylgt eftir með aðgengilegu verkþéttahaldi fyrir alla starfsemi Þjóðskjalasafns.
4. Rekstrarkostnaður sé skýr og gagnsær, og tilgreindur með skilvirkum hætti til að tryggja að rekstur safnsins verði ávallt innan fjárheimilda.
5. Mótun verði umhverfisstefna fyrir Þjóðskjalasafn og stefnt að vottun á því sviði.
6. Mótun verði mannauðsstefna Þjóðskjalasafns.

Aðgerðir

Um 1. Verkferlar og vinnulag verði skilgreint og skráð með skýrum hætti í gæðahandbók safnsins og jafnframt hlutverk og skipan starfshópa.

Um 2. Innri vefur safnsins verði vettvangur miðlunar á upplýsingum um starfsemi safnsins í víðum skilningi.

Um 3. Innleiðing verkbókhalds verði framhaldið og það innleitt í allri stofnuninni fyrir árslok 2015. Verkbókhaldið verði gert upp ársfjórðungslega.

Um 4. Ávallt sé leitað leiða við að hámarka nýtingu fjármuna og verði safnið í fremstu röð stofnana ríkisins á þessu sviði. Sérhver rekstrareining fái árlega ákveðna fjárheimild.

Um 5. Tekin verði upp stefna ríkisins um vistvæn innkaup og hafin verði flokkun úrgangs.

Um 6. Stefnur og önnur sjónarmið um mannauðsmál verði mótuð og skipan þeirra sett fram með skýrum hætti fyrir árslok 2016.

SAMSTARF VIÐ HÉRAÐSSKJALASÖFN

Þjóðskjalasafn Íslands hefur lögum samkvæmt ýmsar skyldur gagnvart héraðsskjalasöfnum, hefur eftirlit með starfsemi þeirra og veitir sveitarstjórnnum leyfi til reksturs héraðsskjalasafna. Eðlilegt er að Þjóðskjalasafn og héraðsskjalasöfn hafi með sér víðtækt samstarf um fagleg málefni til að tryggja eftir mætti að framkvæmd laga um opinber skjalasöfn verði sem best og að gott samræmi verði í starfsemi allra opinberra skjalasafna.

Stefna

Þjóðskjalasafn eigi faglegt og gott samstarf við héraðsskjalasöfn m.a. til þess að efla og samræma skjalastjórn og skjalavörslu allra afhendingarskyldra aðila í landinu og til að tryggja megi að aðgangur að skjölum í vörslu opinberra skjalasafna verði með samræmdum hætti á grundvelli laga.

Markmið

1. Þjóðskjalasafn stuðli að auknu faglegu samstarfi opinberra skjalasafna með samráði á sem flestum sviðum.
2. Þjóðskjalasafn hafi eftirlit með héraðsskjalasöfnum og aðstoði þau eftir því sem kostur er við að starfa í samræmi við lög og uppfylla skilyrði rekstrarleyfis.
3. Unnið verði að því að öll opinber skjalasöfn geti tekið þátt í einu samræmdu skráningarkerfi gagna, þ.e. landskrá íslenskra skjalasafna (Lísa).
4. Komið verði á öflugum samstarfi um söfnun og vörslu einkaskjalasafna í samvinnu allra opinberra skjalasafna sem og annarra stofnana sem hafa hagsmuna að gæta við söfnun einkaskjalasafna vegna verkefna sinna.

Aðgerðir

Um 1. Komið verði á samráðshópi Þjóðskjalasafns og héraðsskjalasafna í því skyni að treysta samstarf opinberra skjalasafna og auka samstarf um miðlun safnkostsins. Skipan hópsins verði lokið í byrjun árs 2015.

Um 2. Mótaðar verði í samstarfi við héraðsskjalasöfn aðferðir og verklag við framkvæmd þess eftirlits með rekstri og starfssemi þeirra, sem lög kveða á um. Tillögur liggja fyrir á árinu 2016.

Um 3. Þjóðskjalasafn rekur skjalaskrárkerfi sem þjónað getur öllum opinberum skjalasöfnum. Stefnit skal að því að fyrir árslok 2015 hafi verið kannað með hvaða hætti héraðsskjalasöfn geti nýtt sér kosti þess að skjalaskrár opinberra skjalasafna verði samræmdar, og þeim boðið að taka þátt í skránni.

Um 4. Í samstarfi opinberra skjalasafna og annarra stofnana sem málið varðar verði unnið að samkomulagi um mögulega verkaskiptingu viðeigandi stofnana við varðveislu einkaskjalasafna. Samskrá yfir einkaskjalasöfn í vörslu opinberra skjalasafna og annarra opinberra stofnana verði sett á vefinn fyrir árslok 2015. Stefnunótun um viðtöku og varðveislu einkaskjalasafna verði lokið fyrir árslok 2017.



ENDURSKOÐUN STEFNUNNAR

Framangreind stefnumótun er afrakstur ítarlegrar athugunar á starfsemi safnsins með aðstoð sérfræðinga á sviði stefnumótunar. Stefnumótunarferlið fór fram samhliða endurskoðun laga um opinber skjalasöfn. Stefna af þessu tagi þarf að vera síkvik og lifandi og verður hún endurskoðuð og uppfærð reglulega, fyrst haustið 2015. Með þeim hætti verður reglulega farið yfir þann árangur sem hefur náðst ásamt því að taka mið af breytingum á starfsumhverfi safnsins. Við endurskoðun stefnunnar verði tekið mið af stefnumótun á vegum íslenska ríkisins og nýjungum á norrænum og alþjóðlegum vettvangi.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

2014